

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 32. fundur 5. janúar 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 5. janúar 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 14.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson og Björn Þorsteinsson sviðsstjóri sem var gestur fundarins ásamt nýráðnum héraðsskjalaverði, Hrafni Sveinbjarnarsyni. Formaður setti fund sem hann hafði undirbúið ásamt Kristínu Þorgeirsdóttur og bauð gestina velkomna, en á dagskrá var aðeins eitt mál:

Ráðning héraðsskjalavarðar.

Ráðning héraðsskjalavarðar.

Formaður minnti á umræður á fyrri fundum vegna ráðningar héraðsskjalavarðar (sbr. 30. fg., 1.l. og 31. fg.), en Björn Þorsteinsson skýrði frá því að Bæjarráð Kópavogs hefði á fundi sínum 29. des. 2005 samþykkt ráðningu Hrafns Sveinbjarnarsonar í starfið frá og með 1. janúar 2006. Björn kynnti síðan hinn nýja héraðsskjalavörð fyrir stjórnarmönnum sem buðu Hrafn velkominn til starfa.

Fundarmenn skiptust síðan á skoðunum, fyrirspurnum og upplýsingum um safnið, aðstæður þar og verkefni framundan, en til fundarins var stofnað svo að stjórn og skjalavörður gætu borið saman bækur sínar eftir ráðningu hans í upphafi nýs árs.

Björn Þorsteinsson gat ekki setið fundinn nema framan af, en aðrir sem hann sátu héldu áfram fróðlegum umræðum. Margt sem þar var dregið á þarf að ræða nánar sem fyrst, en aðstæðna vegna var ákveðið að fresta því þar til í áliðnum janúar þegar héraðsskjalavörður hefur fengið færi á að setja sig betur inn í mál

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15.15.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi